

---

## Efnistaka við Affall í landi Vorsabæjar

### Rangárþingi eystra

### Ákvörðun um matsáætlun

---

#### 1 INNGANGUR

Þann 18. júní 2020 barst Skipulagsstofnun tillaga Hólaskarðs ehf. að matsáætlun vegna fyrirhugaðrar allt að 630.000 m<sup>3</sup> efnistöku við Affall í landi Vorsabæjar í Rangárþingi eystra samkvæmt 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 2.01 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Rangárþings eystra, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

#### 2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tillaga framkvæmdaraðila að matsáætlun: Efnistaka við Affall í landi Vorsabæjar í Rangárþingi eystra. Tillaga að matsáætlun. Hólaskarð og Environice, 15. júní 2020.

Umsagnir um tillögu að matsáætlun bárust frá:

- Rangárþingi eystra með bréfi dags. 9. júlí 2020.
- Fiskistofu með bréfi dags. 7. ágúst 2020.
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 6. júlí 2020.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 24. júlí og tölvupósti dags. 27. ágúst 2020.
- Náttúrufræðistofnun Íslands með bréfi dags. 3. júlí 2020.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 30. júní 2020.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvupóstum dags. 10. júlí, 3. og 26. ágúst 2020.

#### 3 FRAMKVÆMD OG UMHVERFISÁHRIF

##### Tengdar framkvæmdir

Skipulagsstofnun bendir á nauðsyn þess að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir öllum tengdum framkvæmdum sem mögulega þarf að ráðast í gangi efnistakan eftir. Er þar t.d. vísað til aðkomuvega, starfsmanna- og viðgerðaaðstöðu, efnislagers og efnageymslna sem þarf vegna starfseminnar og mögulega getur haft áhrif á umhverfið.

##### Umfang efnistöku, myndefni og samræmi við skipulag

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að ráðgert sé að taka 630.000m<sup>3</sup> af svæði sem er um 21 ha að flatarmáli. Vinnsludýpt verði um 3 m.



Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands er bent á að samkvæmt kafla 1.4, þar sem vitnað er í gögn Rangárþings eystra, segi að efnistökusvæðið verði 50.000 m<sup>2</sup> og teknir verði um 150.000 m<sup>3</sup> eftir að mati á umhverfisáhrifum sé lokið. Skýra þurfi misræmi í gögnunum.

Í svörum Hólaskarðs er bent á að nauðsynlegt sé að breyta aðalskipulagi Rangárþings eystra 2012-2024, en tilvitnaðar tölur séu fengnar þaðan.

Í umsögn Minjastofnunar er bent á að mynd 1.2 í tillögu að matsáætlun sýni um 10 ha efnistökusvæði.

Í svörum Hólaskarðs kemur fram að mynd 1.2 í tillögu að matsáætlun sýni mjög grófa afmörkun en efnistaka verði á svæði frá Affalli að ræktarlandi í austri.

Skipulagsstofnun bendir á nauðsyn þess að námusvæði verði afmarkað af meiri nákvæmni í matsskýrslu svo unnt sé að sjá af framlögðum gögnum hvers konar svæði er um að ræða. Sýna þarf ljósmyndir af svæðinu svo unnt sé að glöggva sig á aðstæðum án þess að vera mjög staðkunnugur. Þá þarf að gera grein fyrir því hvernig fyrirhuguð efnistaka samræmist skipulagsáætlunum.

### **Kostir**

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að ekki sé um að ræða aðra staðsetningu fyrir efnistöku í landi Vorsabæjar, þó hægt verði að skoða mismunandi afmörkun og útfærslu framkvæmdarinnar. Hagkvæmast sé að nýta þá vegi sem séu nú þegar til staðar og gerðir voru vegna efnistöku í landi Berjaness, auk þess valdi það minna raski á náttúru.

Skipulagsstofnun bendir á að þar sem Affall er gjöful laxveiðiá sé ástæða til að gera sérstaklega grein fyrir þeim kostum sem hafi minnst áhrif á umhverfi árinna og veiða í henni. Bæði með hliðsjón af aðkomuleiðum yfir ána sem og afmörkun vinnslusvæðis með hliðsjón af vatnsbúskap og lífríki árinna.

### **Fornleifar**

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að fornleifaskráning sem gerð hafi verið fyrir svæðið gefi ekki til kynna að fyrirhuguð efnistaka ógni fornminjum.

Í umsögn Minjastofnunar kemur fram að fornleifar hafi ekki verið skráðar á jörðinni Vorsabæ. En stofnunin telur að fá þurfi fornleifafræðing til að kanna fyrirhugað efnistökusvæði á vettvangi.

Skipulagsstofnun tekur undir með Minjastofnun Íslands og telur nauðsynlegt að fornleifafræðingur verði fenginn til að skoða fyrirhugað framkvæmdasvæði á vettvangi. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir niðurstöðu vettvangsskoðunar. Finnist fornleifar þarf að gera grein fyrir þeim og sýna staðsetningu þeirra á loftmynd eða uppdraetti. Merkja þarf útlínur minja sem og útlínur efnistökusvæðisins á kortið. Jafnframt þarf að gera grein fyrir nauðsynlegum mótvægisáðgerðum vegna fornleifa ef þær finnast á svæðinu.

### **Vatnsvernd**

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að svæðið sé ekki á vatnsverndarsvæði. Ekki sé því talin ástæða til að fjalla sérstaklega um vatnsvernd í frummatsskýrslu.

Skipulagsstofnun bendir á að fyrirhuguð efnistaka er á bakka gjöfullar laxveiðiár. Einnig má benda á að skv. loftmyndum virðist sem tjarnir hafi myndast í námunni í landi Berjaness. Ekki liggur fyrir hvort vinnsla sé jafnvel komin nærri grunnvatnsborði og þar með hvort hætta sé á því að neysluvatn nálægri bæja kunnir að vera hætta búin. Það sé því brýnt að gera grein fyrir þeim hættum sem grunnvatni og vatni í Affalli stafar af starfseminni og hvað verði gert til mótvægis þeim hættum.



## Jarðmyndanir

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að samkvæmt kortavefsjá Náttúrufræðistofnunar Íslands sé berggrunnur svæðisins setlög frá nútíma. Mestu setlög frá nútíma eru mynduð af framburði jökuláa en þær myndi sums staðar víðáttumikla sanda þar sem þær dreifa úr sér við strendur landsins. Efsti hluti setsins er straumvatnaset og undir því væntanlega sjávarset myndað á grunnsævi við lok ísaldar. Á þessu svæði eru ummerki um mörg jökulhlaup í Markarfljóti þar sem fljótið hefur flæmst um svæðið, allt að Þjórsá. Stærstu hlaupin tengist Kötlugosum. Sandarnir séu gerðir úr grófum malar- og sandlögum og halli til suðvesturs. Innan fyrirhugaðs framkvæmdarsvæðis sé ekki um að ræða jarðmyndanir sem njóti sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd. Í frummatsskýrslu verði ekki fjallað frekar um áhrif efnistökkunnar á jarðfræði svæðisins og jarðmyndanir.

Skipulagsstofnun bendir að umfangsmikil efnistaka líkt og fyrirhuguð er við Affall felur í sér varanlega eyðingu jarðmyndana. En eins og fram kemur í tillögu að matsáætlun er kunnugt um hamfarir og jarðsögulega atburði á svæðinu, án þess að fram komi hvort þeirra sjáist merki í þeim jarðmyndunum sem fyrirhuguð er að raska. Skipulagsstofnun telur því nauðsynlegt að í frummatsskýrslu verði gerð grein myndun setlaganna á framkvæmdasvæðinu. Jafnframt þarf að gera grein fyrir hvers konar vatnsfall Affall sé og hvort flóð með tilheyrandi farvegaskiptum séu tíð í ánni.

## Lífríki Affalls og veiði í ánni

Í tillögu að matsáætlun er kafli 4.3.3 fiskar. Í honum kemur fram að mikil laxveiði sé í ánni í dag en þar veiðist að meðaltali um 700 laxar á ári. Í frummatsskýrslu verði fjallað um áhrif framkvæmdarinnar á fiskalíf í ánni.

Í umsögn Fiskistofu er bent á að mikil laxveiði sé í Affalli þetta sumarið. Það sem af er sumri sé áin í 6. sæti yfir afla úr laxveiðiá á Íslandi. En stórfelld efnistaka nærri laxveiðiá geti haft áhrif um veiðimanna og veiðihagsmuni.

Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt í ljósi umsagnar Fiskistofu að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir mögulegum áhrifum fyrirhugaðrar efnistöku, -vinnslu og flutninga efnis á lífríki Affalls og veiðar í ánni. Gera þarf grein fyrir veiðistöðum í nágrenni starfseminnar og mögulegum mótvægisáðgerðum vegna lífríkis árinna og veiðihagsmuna.

## Fuglar

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að fjallað verði um áhrif framkvæmdarinnar á fuglalíf og stöðu svæðisins sem mikilvægt fuglasvæði á heimsvísu.

Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að gera grein fyrir því í frummatsskýrslu hvernig fuglar nýti svæðið og hvaða fugla sé þar að finna. Gera þarf grein fyrir því hver verði áhrif framkvæmdarinnar á fugla bæði til lengri og skemmri tíma.

## Samlegð með öðrum framkvæmdum

Í tillögu að matsáætlun segir að gert sé ráð fyrir að efni úr námunni verði unnið á sambærilega hátt og gert hafi verið undanfarin ár í Berjanesnámu vestan árinna, enda sé um sömu framkvæmdaraðila að ræða sem hafi þekkingu á vinnslu á því svæði sem um ræðir.

Skipulagsstofnun telur brýnt að í matsskýrslu verði gerð grein fyrir samlegðaráhrifum fyrirhugaðrar efnistöku í landi Vorsabæjar og þeirrar efnistöku sem fram hefur farið í landi Berjanes. Einkum með hliðsjón af áhrifum á Affall, sjónrænum áhrifum og áhrifum á landslag.



## Vöktun

Í frummatsskýrslu þarf að leggja fram áætlun um vöktun umhverfisáhrifa eftir að framkvæmdum er lokið og starfsemin er komin í rekstur, eftir því sem við á.

## 4 NIÐURSTAÐA

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Hólaskarðs að matsáætlun ásamt þeim umsögnum sem borist hafa stofnuninni og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með eftirfarandi skilyrðum.

1. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir öllum tengdum framkvæmdum og starfsemi sem fylgir efnistöku, s.s. aðkomuvegum, og aðstöðu fyrir starfsfólk og búnað.
2. Afmarka þarf námusvæði af meiri nákvæmni í frummatsskýrslu en gert var í matsáætlun. Sýna þarf ljósmyndir af framkvæmdasvæði svo unnt sé að glöggva sig á umhverfinu án þess að vera staðkunnugur. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir samræmi framkvæmdarinnar við skipulag.
3. Í frummatsskýrslu þarf að gera sérstaklega grein fyrir þeim kostum sem hafa minnst áhrif á umhverfi árinna og veiðar í henni. Bæði með hliðsjón af aðkomuleiðum yfir ána sem og afmörkun vinnslusvæðis með hliðsjón af vatnsbúskap og lífríki árinna.
4. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir niðurstöðu vettvangsathugunar fornleifafræðings. Finnist fornleifar þarf að gera grein fyrir þeim og sýna staðsetningu þeirra á loftmynd eða uppdrætti. Merkja þarf útlínur minja sem og útlínur efnistökusvæðisins á kortið. Jafnframt þarf að gera grein fyrir nauðsynlegum mótvægisaðgerðum vegna fornleifa ef þær finnast á svæðinu.
5. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir mögulegum áhrifum starfseminnar á gæði vatns í Affalli.
6. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir vatnafarssérkennum Affalls s.s. hvort flóð og farvegaskipti séu tíð. Jafnframt þarf að gera grein fyrir myndun þeirra setlaga sem fyrirhugað er að raska.
7. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir mögulegri starfsemi á lífríki Affalls og veiðar í áni.
8. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir þeim tegundum fugla sem finnast á svæðinu. Hvernig þeir nýti svæðið og hvaða áhrif starfsemin hafi á fugla.
9. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir samlegðaráhrifum fyrirhugaðrar efnistöku í landi Vorsabæjar og þeirrar efnistöku sem fram hefur farið í landi Berjaness. Einkum með hliðsjón af áhrifum á Affall, sjónrænum áhrifum og áhrifum á landslag.

Framkvæmdaraðili getur kært ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum. Kærufrestur framkvæmdaraðila er til 15. október 2020.

Reykjavík, 14. september 2020

Egill Þórarinnsson

Sigurður Ásbjörnsson